



## Hnetan í hjarta Vetrarbrautarinnar



Stjörnufræðingar hafa lengi átt í stökustu vandræðum með að kortleggja miðju Vetrarbrautarinnar. Miðjan er endi uppfyll af stjörnum og ryki sem byrgir okkur sýn. Í þessum hluta Vetrarbrautarinnar eru líka svo margar stjörnur að erfitt er að rannsaka hann. Ef við gætum einhvern veginn flutt Jörðina þangað, þá væri næturhiminninn yfir okkur svo bjartur að lesbjart væri á næturnar!

Hægt er að ímynda sér Vetrarbrautina okkar eins og geisladisk með bómullarhnoðra í gatinu í miðjunni. Skífa Vetrarbrautarinnar er flöt en í miðjunni er þéttur hnoðri sem kallast miðbungan. Bungan er í raun fremur lítil en inniheldur samt um 10.000 milljón stjörnur! Hún er einn elsti og mikilvægasti hluti Vetrarbrautarinnar en stjörnufræðingar þekktu hana ekki ýkja vel, fyrr en nú.

Tveir hópar stjörnufræðinga beindu nokkrum af öflugustu stjörnufræðingum heims að miðjunni til að ná eins góðum myndum af hjarta Vetrarbrautarinnar og hægt var! Kortið er í þrívídd og sýnir okkur innviði Vetrarbrautarinnar frá ólíkum sjónarhornum sem opinbera leyndardóma hennar. Ein niðurstaðan kom mjög á óvart: Miðbunga Vetrarbrautarinnar er í laginu eins og risavaxin hneti!

## COOL FACT



Vissir þú að Jörðin, sólin og sólkerfið geysast á mörg þúsund kílómetra hraða á klukkustund í kringum miðju Vetrarbrautarinnar? Þrátt fyrir þennan mikla hraða tekur það meira en 200 milljón ár að ljúka einum hring í kringum miðjuna!



More information about EU-UNAWES  
Space Scoop: [www.eu-unawe.org/kids/](http://www.eu-unawe.org/kids/)